



1 Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili að vinnslustarfsemi er Flugvirkjafélag Íslands, Borgartúni 22, 105 Reykjavík, kt. 550169-0109. Félagið er stéttarfélag stofnað í þeim tilgangi að vernda hagsmuni þeirra er hlotið hafa sveinspróf í flugvirkjun á Íslandi og stuðla að bættum kjörum jafnt sem viðunandi aðstæðum og vinnuumhverfi þeirra hér á landi. Félagið er landsfélag og félagssvæði þess er allt landið, heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Flugvirkjafélag Íslands hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan stéttarfélagsins. Stefnan gildir um sérhverja vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað innan félagsins og er henni ætlað að upplýsa þig um hvaða persónuupplýsingar félagið safnar, með hvaða hætti félagið nýtir slíkar upplýsingar og hverjir fá aðgang að þeim.

Við höfum tilnefnt Önnu Þóru Jóhannsdóttur, lögfræðing sem umsjónarmann til að hafa eftirlit með fylgni við þessa persónuverndarstefnu.

Samskiptaupplýsingar umsjónarmanns:

Netfang: anna@flug.is

2. Lagaskylda

Flugvirkjafélag Íslands leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og er stefna þessi byggð á gildandi persónuverndarlögum, sem og á almennu persónuverndarreglugerðinni REGLUGERÐ EVRÓPUBINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

3. Persónuupplýsingar sem við söfnum

Þú getur verið beðin(n) um að gefa upp persónuupplýsingar hvenær sem þú átt í samskiptum við Flugvirkjafélag Íslands. Það er meginmarkmið félagsins að óska eingöngu eftir þeim gögnum sem okkur þykir viðeigandi og nauðsynleg við úrvinnslu á þeim málum sem á okkar borð koma og er faglegt mat lagt á hverju sinni hvaða upplýsinga er krafist.

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

Eftirfarandi eru dæmi um upplýsingar sem stéttarfélagið safnar:

Iðgjaldssaga:

Flugvirkjafélag Íslands hefur aðgang að iðgjaldssögu félagsmanns og þar með upplýsingar um launakjör hans hjá atvinnurekanda, eða hvort annar t.a.m. Fæðingarorlofssjóður eða Greiðslustofa atvinnuleysisbóta, hafi greitt af félagsmanni til stéttarfélagsins.

Umsókn um sjúkradagpeninga og meðfylgjandi gögn:

Upplýsingar um hvort að félagsmaður hafi sótt um sjúkradagpeninga í sjúkrasjóð félagsins vegna veikinda eða annarra aðstæðna, upphæð styrksins sem og allra gagna sem slíkri umsókn fylgja, t.d. læknisvottorð og sjúkradagpeningavottorð.

Umsókn um styrki:

Hjá stéttarfélaginu eru til staðar upplýsingar um hvort félagsmaður hafi sótt um styrk eða styrki í sjóði stéttarfélagsins, hvaða styrki er um að ræða sem og upphæð styrksins. Þar að auki, hafi félagsmaður nýtt annarra hlunninda hjá stéttarfélaginu, að þá er það jafnframt skráð.





Aðstoð vegna kjaramála:

Til staðar eru upplýsingar um hvort félagsmaður hafi leitað fulltingis stéttarfélagsins vegna kjaramáls, þ.m.t. vegna vangoldinna launa, uppsagna o.fl. Í þeim málum er iðulega beðið um launaseðla, o.fl. upplýsingar eftir atvikum. Félagsmaður sækir viðkomandi upplýsingar sjálfur og afhendir stéttarfélaginu.

Auk framangreindra upplýsinga kann Flugvirkjafélag Íslands einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem þú lætur félaginu í té sem og upplýsingar sem félagið vinnur vegna starfsemi þess. Þá kunna upplýsingar að vera unnar á grundvelli lagaskyldu og óháð þeirri þjónustu sem félagið hefur tekið að sér að veita, t.d. hvað varðar bókhaldslög.

4. Tilgangur með söfnun persónuupplýsinga

Tilgangur vinnslu stéttarfélagsins er margbreytilegur. Ekki er um tæmandi talningu að ræða, en sem dæmi má nefna að þá ber stéttarfélaginu að veita tiltekna þjónustu samkvæmt lögum og reglum félagsins. Hluti af þessari þjónustu á sér stað t.d. á vegum sjúkrasjóðs félagsins. Er þá félagsmaður beðinn um tilteknar upplýsingar til þess að unnt sé að afgreiða mál hans, eins og t.d. læknisvottorð. Þá eru upplýsingar úr félagsskrá um greiðslu iðgjalda til félagsins nýttar til þess að staðreyna réttinn. Jafnframt veitir stéttarfélagið þjónustu vegna kjaramála sem koma á borð félagsins. Að megnstefnu styðjast slík kjaramál við upplýsingar sem félagmaður er beðinn um að afhenda félaginu svo unnt sé að skoða málið fyrir hann. Einnig má nefna að stéttarfélagið mótar kröfugerð fyrir hönd félagsmanna sinna. Byggist sú vinnsla persónuupplýsinga á 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga enda lykil upplýsingar við mótun kröfugerðar félagsins f.h. félagsmanna og í samræmi við tilgang félagsins.

5. Eyðing persónuupplýsinga

Flugvirkjafélag Íslands geymir aldrei persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt þykir. Meginreglan er sú að persónuupplýsingum er í síðasta lagi eytt við lok almanaksárs þess, sem er sjö ára frá öflun þeirra upplýsinga. Iðgjaldasaga félagsmanns, þ.m.t. upplýsingar um greiðslur úr sjúkrasjóðum félagsins, auk upplýsinga um aðstoð félagsins í kjaramálum eru aftur á móti undantekningar. Öllum upplýsingum sem aflað er í sambandi við kjaramál, t.d. launaseðlum er þó eytt í samræmi við meginregluna.

6. Miðlun til þriðja aðila

Almennt eru þau gögn sem félagið óskar eftir eingöngu sjáanleg þeim sem starfa á skrifstofu Flugvirkjafélags Íslands og stjórn félagsins. Flugvirkjafélag Íslands kann þó að miðla persónuupplýsingum þínum til þriðja aðila, svo sem í tengslum við samningssamband þeirra við stéttarfélagið, til að mynda kann persónugreinanlegum upplýsingum að vera miðlað til lögmanns félagsins þegar óskað er eftir ráðgjöf hans í einstökum málum. Jafnframt kunna persónuupplýsingar þínar að vera afhentar þriðja aðila að því marki sem heimilað er eða krafist á grundvelli laga eða reglna. Þá kann að vera að persónuupplýsingum þínum verði miðlað til þriðja aðila sem veita okkur upplýsingatækniþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri stéttarfélagsins.

7. Réttindi þín

Þú átt rétt á að fá staðfestingu á því hvort stéttarfélagið sé að vinna persónuupplýsingar um þig eða ekki. Þú átt jafnframt rétt á að óska eftir aðgangi að upplýsingum og hvernig vinnslunni er hagað. Því til viðbótar kann að vera að þú eigir rétt á því að fá afrit af upplýsingum.

Þú getur óskað eftir því við ákveðnar aðstæður að persónuupplýsingum um þig verði eytt án tafar, til að mynda þegar að varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunar eða vegna þess að þú hefur afturkallað samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga og enginn önnur



heimild liggur til grundvallar henni. Sé vinnsla byggð á samþykki er þér hvenær sem er heimilt að afturkalla samþykki þitt. Jafnframt getur þú í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð.

8. Fyrirspurnir og kvörtun til persónuverndar

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst eru í 7. gr. stefnu þessari eða ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða það hvernig stéttarfélagið vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við umsjónarmann.

Ef þú ert ósátt/ur við vinnslu stéttarfélagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar.

9. Endurskoðun

Flugvirkjafélag Íslands getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á heimasíðu stéttarfélagsins.

